

SAMÞYKKTIR

fyrir FJÖLÍS.

1. Tilgangur og viðfangsefni.

- 1.1. FJÖLÍS er hagsmunafélag samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttaverndar og nýtt eru með ljósritun eða annarri hliðstæðri eftirgerð rita. FJÖLÍS hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimili FJÖLÍS og varnarþing er í Reykjavík.
- 1.2. FJÖLÍS hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi vð tilgang sinn:
 1. Safnar upplýsingum og gerir tillögur um aðgerðir til að bæta hagsmuni rétthafanna.
 2. Innheimtir og skiptir á greiðslum sem inntar eru af hendi sem endurgjald fyrir ljósritun eða aðra hliðstæða eftirgerð.
 3. Annast skipti á greiðslum við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
 4. Samhæfir kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og semur fyrir þau á þessu sviði.
- 1.3. Aðildarfélagi er ekki skylt að fela FJÖLÍS neina aðra hagsmunagæslu en samninga um og innheimtu á endurgjaldi fyrir afnot verndaðra verka í skólum með ljósritun eða á annan hliðstæðan hátt.

2. Aðild.

- 2.1. Sérhvert félag sem umboð hefur til að gera samninga fyrir félagsmenn sína um samþykki og skilyrði fyrir fjölföldun getur sótt um aðild að FJÖLÍS. Rétt til inngöngu í félagið eiga hagsmunasamtök og stofnanir sem réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra verka sbr. grein 1.1., enda sé um verulega hagsmuni að ræða. Fulltrúaráðsfundir fjalla um aðildarumsóknir og þarf samþykki $\frac{2}{3}$ aðildarféлага til að öðlast inngöngu. Synjun fulltrúaráðs á aðildarumsókn má skjóta til gerðardóms sbr. grein 5.2.
- 2.2. Úrsögn skal tilkynna með minnst 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Aðili sem tilkynnt hefur úrsögn verður ekki bundinn af samningum FJÖLÍS á úrsagnartímabilinu.

3. Skipulag.

- 3.1. Hvert aðildarfélag tilnefnir einn aðalmann og einn til vara í fulltrúaráð FJÖLÍS. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Aðildarfélögin tilkynna FJÖLÍS skriflega um fulltrúa sína. Tilkynning gildir þar til hún er afturkölluð skriflega.
- 3.2. Aðalviðfangsefni fulltrúaráðsins eru þessi:
 1. að ákveða í aðalatriðum starf og stefnu FJÖLÍS skv. 1. kafla og þarf $\frac{3}{4}$ atkvæða til ákvarðana.
 2. að hafa eftirlit með starfsemi félagsins.
 3. að velja stjórn fyrir FJÖLÍS.

- 3.3. Fulltrúaráðið skal koma saman a. m. k. tvisvar á ári. Halda skal annan fundinn í apríl-mánuði og er hann aðalfundur FJÖLÍS. Á aðalfundi skal taka fyrir:
1. skýrslu stjórnar.
 2. afgreiðslu endurskoðaðra reikninga.
 3. kosningu formanns fulltrúaráðsins.
 4. tilnefningu stjórnar og varamanna.
 5. kosningu tveggja endurskoðenda.
 6. önnur mál.
- Fulltrúaráðið skal einnig koma saman á hausti hverju eigi síðar en 1. desember. Sá fundur skal fjalla um fjárhagsáætlun næsta árs. Fulltrúaráðið kemur annars saman þegar stjórnin, endurskoðendur eða a.m.k. þrjú aðildarfélög óska þess.
- 3.4. Fulltrúaráðið skal boða til fundar með skriflegu fundarboði með minnst 2 vikna fyrirvara. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.
- 3.5. Fundinum stjórnar formaður fulltrúaráðsins. Á fulltrúaráðsfundi verður ekki ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði. Ákvarðanir skulu teknar með meirihluta atkvæða, sé annað ekki sérstaklega ákveðið. Halda skal fundargerð.
- 3.6. Stjórn samtakanna skipa í upphafi fjórir menn og fjórir varamenn þeirra, en þeim skal síðan fjölga í sjö eftir því sem aðildarfélögunum fjölgar. Hvert aðildarfélag skal tilnefnda einn aðalman og varamann hans. Þegar aðildarfélögin eru orðin fleiri en sjö skulu þau félög er mestra hagsmuna hafa að gæta tilnefna hvert sinn mann í stjórn ásamt varamanni hans, en hin aðildarfélögin kjósi sín á milli um tvo fulltrúa til viðbótar. Stjórnin velur sér formann og varaformann.
- 3.7. Stjórnin stýrir starfsemi FJÖLÍS. Formaður boðar til stjórnarfunda með 7 daga fyrirvara. Boða má til stjórnarfunda að ósk eins stjórnarmanns. Fundarboð skal vera skriflegt og þar greint fundarefni. Senda skal fundarboð til stjórnarmanna og ennfremur til fulltrúaráðsins og aðildarfélaganna.
- 3.8. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund eða varamenn þeirra. Meirihluta atkvæða þarf til allra ákvarðana. Atkvæði formanns ræður þegar atkvæði eru jöfn. Rita skal fundargerðir á stjórnarfundum og senda afrit af þeim jafnóðum fulltrúaráði og aðildarfélögum.
- 3.9. Stjórnin skipuleggur skrifstofu FJÖLÍS og veitir umboð.
- 3.10. Stjórnarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt í fulltrúaráðinu. Sá sem annast daglega framkvæmdastjórn hefur einnig málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum.

4. Meðferð fjármála.

- 4.1. Fé sem FJÖLÍS innheimtir skal varðveita, skipta og leggja til hliðar samkvæmt samþykktum þessum og þeim meginreglum sem fulltrúaráðið ákveður.
- 4.2. Samkvæmt ákvörðun í fjárhagsáætlun skal leggja til hliðar af tekjum ákveðna fjárhæð til að greiða rekstrarkostnað FJÖLÍS vegna hvers viðfangsefnis fyrir sig.

- 4.3. FJÖLÍS ábyrgist allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar eða höfundaréttarsamtökum sem standa utan FJÖLÍS og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra rita í skólum. Í þessu skyni skal leggja í varasjóð 10% af vergum tekjum FJÖLÍS. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 500 000 miðað við núverandi verðlag falla greiðslur til hans niður. Sé gengið á höfuðstól sjóðsins skulu greiðslur til hans hefjast á ný skv. sömu reglum.
- 4.4. Greiðslur, sem fallnar eru í gjalddaga, skal innheimta þegar í stað. Endurgjaldi fyrir afnot skal skipta eins fljótt og unnt er. Eftir að lagt hefur verið til hliðar vegna reksturskostnaðar, skal greiða það sem eftir er þeim aðildarfélagum sem rétt eiga til fjárens í þeim mæli sem félögin eru sammála um skiptinguna. Hafi stjórnin gert samþykkt um skiptingu milli aðildarfélaganna skal ekki inna greiðslur af hendi fyrir en ljóst er að ekki verður óskað gerðardóms skv. 5. kafla um skiptinguna.
- 4.5. Þegar aðildarfélagin eru ósammála um skiptingu á aðildarfélag rétt á að láta fulltrúa sinn gera grein fyrir málinu fyrir stjórninni.
- 4.6. Taki FJÖLÍS að sér önnur viðfangsefni en getur í 1.3. skal kostnaður af þeim borinn uppi af tekjum af hinum nýju viðfangsefnum og aldrei má nota tekjur af einu viðfangsefni til að greiða kostnað af öðru viðfangsefni.

5. Gerðardómur.

- 5.1. Fulltrúaráð FJÖLÍS skal koma á fót gerðardómi sem skipaður er þremur dómendum. Tveir dómenda skulu vera lögfræðingar og að minnsta kosti annar þeirra skal vera sérfróður á sviði höfundarréttar. Þriðji dómandinn skal vera kennaramenntaður með yfirsýn yfir skólamál og þekkingu á ljósritun í skólum. Skulu þeir allir skipaðir af yfirborgaradómaranum í Reykjavík til tveggja ára í senn.
- 5.2. Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna og milli aðildarfélaganna og FJÖLÍS um skilning á samþykktum FJÖLÍS og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð að um hann hafi áður verið fjallað í stjórninni. Gerðardómurinn skal jafnframt úrskurða í málum er lúta að synjun fulltrúaráðs á aðildarumsóknum sbr. grein 2.1. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin eða fulltrúaráðið hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa máli frá. Að öðru leyti gilda reglurnar í lögum um meðferð einkamála í héraði.
Þá skal gerðardómur fjalla um ágreiningsmál milli rétthafa utan FJÖLÍS og stjórnar um greiðslu úr varasjóði fyrir ljósritun verndaðra hugverka sbr. grein 4.3. og úrskurða í því efni, hafi ekki náðst samkomulag þessara aðila um skiptingu fjár úr varasjóði.

6. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

- 6.1. Samþykktir þessar taka gildi þegar ráðherra hefur staðfest þær.
- 6.2. Til breytinga á samþykktum þarf $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á aðalfundi, þar sem fulltrúar fyrir að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ hluta aðildarfélaganna eru mættir.
- 6.3. Fulltrúaráðið skal slíta FJÖLÍS ef þess er krafist af $\frac{3}{4}$ hluta aðildarfélaganna og krafan samþykkt á fulltrúaráðsfundi með atkvæðum að minnsta kosti $\frac{3}{4}$ hluta allra aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum FJÖLÍS til hagsbóta fyrir rétthafana.

7. Ákvæði til bráðabirgða.

- 7.1. Stefnt skal að því að ræða og taka ákvörðun um hvort FJÖLÍS skuli taka að sér gæslu annarra hagsmuna aðildarfélaganna á sviði fylgiráttinda höfundaréttinda.
- 7.2. Stjórn FJÖLÍS skal láta semja tillögur þar um og leggja fyrir fulltrúarráðsfund eigi síðar en þremur árum eftir stofnun félagsins.
- 7.3. Samþykktir FJÖLÍS skulu teknar til endurskoðunar innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.

Í samræmi við 10. grein samnings dags. 6. maí 1983 milli menntamálaráðherra annars vegar og Bláðamannafélags Íslands, Félags íslenskra bókaútgefenda, Rithöfundasambands Íslands og Tónskáldafélags og Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar hins vegar, staðfestast ofangreindar samþykktir hér með.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1985.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.